

Yfirskrift:	Stjórnarfundur Félags forstöðumanna ríkisstofnana		
Stjórnarfundur	Dagsetning:	1. sept. 2022	Tími: 12:00 – 13:20
Fundarstaður:	Guðrúnartún 1 og TEAMS		
Fundarstjóri:	KS		
Ritari:	BÞ		
Á fundinn mættu:	Ásdís Ármannsdóttir (ÁÁ), Bergþóra Þorkelsdóttir (BÞ), Björgvin Víkingsson (BV), Díana Óskarsdóttir (DÓ), Eydís Líndal Finnbogadóttir (ELF), Ingileif Oddsdóttir (IO), Kristján Sverrisson (KS) og Anna Hermannsdóttir (AH), framkvæmdastjóri félagsins.		
Fjarverandi:			

## Fundargerð stjórnarfundar FFR 1. september 2022

### 1. Fundargerð 14. júní 2022

Fundargerð stjórnarfundar 14. júní 2022 samþykkt.

### 2. Áherslumál FFR starfsárið 2022-2023

Samkvæmt lögum FFR er tilgangur félagsins m.a. að efla kynni félagsmanna og kynningu félagsmanna á stofnunum hvers annars, vinna að sameiginlegum hagsmunamálum, þ.m.t. kjaramálum og fylgjast með og fjalla um álitamál sem upp kunna að koma fyrir hönd forstöðumanna. Gróflega flokkað liggja áherslumálin á sviði félagsmála, fræðslumála og starfsumhverfis- og kjaramála. Á fundinum spunnust fjörugar umræður og vörpuðu stjórnarmenn fram hugleiðingum sínum. Margt bara á góma og má þar nefna eftirfarandi atriði:

- Kjaramál; endurmat grunnmats, frammistöðumat. Launaþróun; skýra betur þau viðmið sem laun forstöðumanna taka mið af skv. starfsmannalögum og skoða launaþróun hópsins í því ljósi.
- Mikilvægi þess að forstöðumenn séu þátttakendur í undirbúningi að breytingum á stofnanakerfinu, þ.e. komi að öllu ferlinu og séu upplýstir. Samtal milli stofnana þvert á ráðuneyti jafnframt mikilvægt í þessum tilgangi. Nefnt sem dæmi að í umhverfis- orku og loftslagsráðuneytinu sé hafin vinna við að skoða stofnanaskipulag ráðuneytisins. Þar er gert ráð fyrir nánu samstarfi við stjórnendur og starfsmenn þeirra stofnana sem undir ráðuneytið heyra.
- Réttarstaða forstöðumanna við sameiningu/niðurlagningu eða breytingar á stofnunum. Hver eru réttindi forstöðumanna við þær aðstæður?

- Mannauðsumhverfi ríkisins og þörf á breytingum á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, t.d. hvað varðar ráðningarferli og áminningar- og uppsagnarferli.
- Ímynd opinberra starfa. Taka upp samtalið við BHM í þessu sambandi.

### 3. Skýrsla frá mánaðarlegum samráðsfundi FFR og KMR

KS upplýsti stjórnarmenn um helstu umræðuefni fundarins:

- Launahækkun forstöðumanna þann 1. júlí sl.; viðmið starfsmannalaga við árlegar launabreytingar forstöðumanna.
- Álit umboðsmanns Alþingis um eðli launaákvæðana forstöðumanna.
- Stjórnendadagur ríkisins sem verður í lok septembermánaðar.
- Mannauðstorgið og tilfærsla ráðgjafar um mannauðsmál til Fjársýslu ríkisins.
- Stjórnendastefna ríkisins og aðgerðaáætlun vegna innleiðingar stefnunnar.
- FFR óskaði eftir aðkomu að vinnu ráðuneytisins um stofnanakerfi ríkisins. Í starfshópi fjármála- og efnahagsráðherra um einföldun á stofnanakerfi ríkisins er enginn fulltrúi frá FFR.

### 4. Húsnæðismál FFR

Búið að segja upp leigusamningi, sbr. umræður á síðasta fundi. Leit hafin að húsnæði.

### 5. Fulltrúi FFR í starfsmenntunarsjóði embættismanna

Margrét Hauksdóttir sem verið hefur fulltrúi FFR í starfsmenntunarsjóði embættismanna hefur látið af störfum sem forstjóri Þjóðskrár. Tillaga KS um að hún verði áfram fulltrúi félagsins í sjóðnum fram til næsta aðalfundar var samþykkt. Jafnframt var rætt um að fá MH til að kynna sjóðinn fyrir félagsmönnum.

### 6. Önnur mál

- a. Fundartími stjórnarfunda. Samþykkt að bóka fundi fyrsta fimmtudag hvers mánaðar fram til áramóta. AH sendir fundarboð.
- b. Umræður um hreyfanleika forstöðumanna, sbr. 36. gr. starfsmannalaga.
- c. Forsætisráðuneytið óskaði eftir tilefningu FFR í starfshóp ráðuneytisins um endurskoðun laga um ríkislögmann. FFR tilnefndi þau Þorsteinn Gunnarsson, formann kærunefndar útlendingamála og Sigríði

Kristinsdóttur, sýslumann á höfuðborgarsvæðinu. Það ræðst síðan af kynjahlutföllum hvort þeirra mun starfa í starfshópnum.

- d. Beiðni frá Skólameistarafélagi Íslands um kynningu á félaginu og kjörum skólameistara á fundi skólameistara 13. september nk. AH og KS munu fara á fundinn.